

fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir Öryggiseftirlit ríkisins.

## 3. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkv. gjaldskrá þessari, til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því, sem með þarf.

## 4. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda, að takast ferð á hendur vegna slíkrar umsagnar, skal eigandi greiða ferðakostnaðinn.

## 5. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttáð, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi og gildir fyrst fyrir gjald fyrir eftirlit framkvæmt á árinu 1972 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 2 18. janúar 1964 fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum og auglýsing nr. 128 23. júní 1970.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. febrúar 1972.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Jón Thors.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 228 30. desember 1971, um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga og viðhaldskostnaðar.

## 1. gr.

Aftan við c-lið 1. mgr. 1. gr. bætist:

Ræktun á bújörðum ..... 5.0 10.0

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum 3. tl. C-liðs 15. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1971.

*Fjármálaráðuneytið, 3. febrúar 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Jón Sigurðsson.*